

GJALDSKRÁ

Fráveitu Fljótsdalshéraðs.

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett í samræmi við 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, og samþykktar fyrir Fráveitu Fljótsdalshéraðs, samþykkt í stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. (HEF) þann 11. desember 2015.

2. gr.

Eiganda eða rétthafa fasteignar sem tengst getur Fráveitu Fljótsdalshéraðs ber að greiða gjald fyrir tengingu við Fráveitu Fljótsdalshéraðs sbr. 13. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Gjaldið stendur undir kostnaði við tengingar fráveitu og tekur mið af gerð, stærð og lengd tenginga. Með tengigjaldi er innheimt hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi.

Af öllum nýbyggingum, hvort sem eru á eignar- eða leigulóðum á Fljótsdalshéraði skal greiða tengigjald sem hér segir:

100–150 mm tenging (allt að 20 m löng) 189.500 kr.

150–200 mm tenging (allt að 20 m löng) 228.891 kr.

Par sem sérstakar aðstæður eru til staðar eða tenging er lengri en 20 metrar skal lóðarhafi greiða raunkostnað við að tengja viðkomandi fasteign við Fráveitu Fljótsdalshéraðs.

3. gr.

Fljótsdalshérað innheimtir fráveitugjald af öllum fasteignum á Fljótsdalshéraði, sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 14. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Fráveitugjaldið, ásamt öðrum tekjum fráveitunnar stendur undir rekstri hennar.

Árlegt fráveitugjald á Fljótsdalshéraði er 0,32% af fasteignamati fasteigna og lóða.

4. gr.

Ekki eru í gildi reglur um niðurfellingu eða afslátt á tengi- eða fráveitugjaldi á Fljótsdalshéraði.

5. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella annast tæmingu rotþróa í eigu fasteignaeigenda á Fljótsdalshéraði annaðhvært ár. Gjaldið er miðað við raunkostnað við hreinsun, urðun seyru og umsjón með verkinu.

Árlegt gjald á Fljótsdalshéraði fyrir hreinsun hverrar rotþróar:

< 4,5 rúmmetra	16.902 kr.
4,5–6,5 rúmmetrar	24.291 kr.

6. gr.

Komi fram beiðni um eða ef nauðsynlegt er að tæma rotþró sérstaklega, skal greiða sérstakt gjald sem er 70% álag á árlega hreinsun. Bæjarstjórn er einnig heimilt að innheimta sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til að um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu rotþróa eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar þjónustu. Miðað er við að gjaldið endurspeglí þann raunkostnað sem af verkinu hlýst.

7. gr.

Gjalddagi tengigjalds er við úthlutun þeirra lóða sem eru í eigu Fljótsdalshéraðs, eða sveitarfélagið hefur ráðstöfunarrétt á, en við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum. Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. innheimtir tengigjoldin og er eindagi þeirra 30 dögum eftir þann gjalddaga sem fram kemur á reikningum.

Fljótsdalshérað innheimtir fráveitugjald og gjald fyrir tæmingu rotþróa með fasteignaskatti og eru gjalddagar þeir sömu.

Fráveitugjaldi og tengigjaldi ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum

Nr. 583

9. júní 2016

og yngri lögveðum. Ef hús brennur eftir að fráveitugjald eða heimæðargjald gjaldfellur er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar. Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds. Ofangreind gjöld taka mið af vísítölu byggingarkostnaðar sem tók gildi í desember 2015 og er 128,1 stig.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af stjórn HEF skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, þann 11. desember 2015, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir holræsagjald á Fljótsdalshéraði nr. 253/2008.

Fljótsdalshéraði, 9. júní 2016.

Björn Ingimarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. júní 2016